

88

27. júní

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð nr. 123 25. nóv. 1938, um tollheimtu og tolleftirlit.

## 1. gr.

5. gr. orðist svo:

Sérstakir tollgæzlumenn eru tollstjórum til aðstoðar eftir því sem erindisbréf þeirra og reglur, sem þeim eru settar, segja fyrir um.

Tollgæzlumennirnir starfa undir stjórn tollstjóranna eftir því sem fjármálaráðuneytið nánar ákveður.

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júlí 1949.

*Fjármálaráðuneytið, 27. júní 1949.***Jóhann Þ. Jósefsson.***Einar Bjarnason.*

89

30. júní

**GJALDSKRÁ**

héraðsrafmagnsveitna ríkisins fyrir Borgarfjarðar- og Mýrasýslur.

**I. RAFORKA**

Héraðsrafmagnsveitur ríkisins selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

**A. Lýsing.**

1. Um kwst.mæli á kr. 1.30 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á 50 aura hver kwst., auk fastagjalds af rúmi því, sem lýsa skal, er nemi kr. 6.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 2.00 á ári af hverjum fermetra.

**B. Almenn heimilisnotkun.**

Um kwst.mæli á 35 aura hver hwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 5.00 á mánuði af einu herbergi hværrar íbúðar og kr. 3.00 af hverju herbergi umfram eitt.

Til herbergja í íbúð skal telja öll herbergi, sem ætluð eru íveruherbergi, og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m<sup>2</sup>, skal reikna sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö. Þar, sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m<sup>2</sup>, má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m<sup>2</sup> jafngildi einu herbergi og 5 m<sup>2</sup> hálfu herbergi.

Raforku, sem notuð er við búskap, er heimilt að selja samkvæmt þessum gjaldskrárlíð. Greiða skal þá fastagjöld af húsum og vélum samkvæmt reglum, sem rafmagnsveitustjóri setur.

*Bráðabirgðaaákvæði.* Fyrst um sinn er heimilt að haga sölu á raforku samkvæmt gjaldskrárlíð B. þannig, að auk fastagjaldsins greiðist 35 aurar á kwst. fyrir fyrstu notkun, er nemi: